

123

8. okt.

REGLUR

um kjör skólanefndar fyrir heimavistarbarnaskóla Mýrasýslu að Varmalandi.

1. gr.

Skólanefndin er skipuð 5 mönnum. Fræðslumálastjórnin skipar einn mann í nefndina og er hann formaður. Þá kýs sameiginlegur fundur hreppsnefndarmanna í Hraun-, Álftanes-, Borgar-, Stafholtstungna-, Norðurárdals-, Þverárhliðar og Hvitársíðuhreppum fjóra menn í skólanefndina og fjóra til vara. Hlutfallskosningu skal við hafa, sé þess óskað.

2. gr.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum í sýslunni, skal oddviti sýslunefndar Mýrasýslu kveðja saman á fund alla hreppsnefndarmenn í hreppum þeim, er greinir í 1. gr., og skal á þeim fundi fara fram kosning manna í skólanefndina.

3. gr.

Kjörtímabil skólanefndarmanna, aðalmanna og varamanna, skal vera hið sama og sveitarstjórna og um kjörgengi skulu sömu reglur gilda.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning skólanefndar skal í fyrsta sinn fara fram fyrir 31. október 1954. Þangað til fer fræðsluráð Mýrasýslu með störf skólanefndarinnar.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 26. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, hirtast hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 8. október 1954.

Bjarni Benediktsson.

Ásgeir Pétursson.

124

12. okt.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 165 21. júlí 1952, um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skýlt er að hafa gjaldmæli í öllum allt að 7 farþega leigubifreiðum, sem aka fólki gegn borgun, á þeim stöðum á landinu, þar sem hentugt þykir, að dómi samgöngumálaráðuneytisins.

Í kaupstöðum, þar sem bæjarstjórn hefur ákveðið, að allar leigubifreiðar til mannflutninga, allt að 7 farþega, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, skulu þær bifreiðar einar eiga rétt til gjaldmælis, sem hafa afgreiðslu á bifreiðastöð.

Lögreglustjórar, hver innan síns umdæmis, skulu hafa eftirlit með, að meðferð og notkun gjaldmæla verði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.